

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 9/1999

Eðalvörur ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 20. apríl 1999, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 21. apríl s.á., hefur Sigurður Þórðarson fyrir hönd Eðalvara ehf., kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999](#), dags. 29. mars 1999.

Samkvæmt hinni kærðu ákvörðun er Eðalvörum ehf. bannað, með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga, að nota að ástæðulausu setninguna „varist eftirlíkingar“ í auglýsingum sínum á ginsengi þar sem slíkt sé ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum og brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að áfrýjandi, sem flytur inn kóreskt ginseng, hóf í lok árs 1998 að auglýsa ginsengið í sjónvarpi þar sem m.a. var notuð setningin „varist eftirlíkingar“.

Með bréfi dags. 7. janúar 1999 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lyfju hf., sem flytur inn þýskt ginseng, þar sem kvartað var yfir sjónvarpsauglýsingum áfrýjanda.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 13. janúar 1999, kvartaði Cetus, sem flytur inn breskt ginseng, yfir sömu auglýsingum áfrýjanda.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 29. mars 1999 var mál þetta tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 12/1999.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að nota að ástæðulausu setninguna „varist eftirlíkingar“ í auglýsingum sínum á ginsengi þar sem slíkt er ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum og brýtur í bága við góða viðskiptahætti.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Á fundi nefndarinnar 31. maí 1999 lagði áfrýjandi fram nokkur ný gögn.

III.

Áfrýjandi telur að hin kærða ákvörðun sé hvorki byggður á íslenskum né evrópskum reglum. Bent er á að vísun til ákvæðis í tilskipun 97/55 frá 6. október 1997 eigi ekki við þar sem ekki sé í auglýsingunum vísað til ákveðins keppinautar, vöru eða þjónustu eins og greinin geri ráð fyrir.

Að mati áfrýjanda er túlkun Samkeppnisstofnunar á því hvað felist í orðunum „varist eftirlíkingar“ of rúm. Áfrýjandi kveður að í setningunni „varist eftirlíkingar“ felist almenn áskorun til neytenda um að varast eftirlíkingar sem hugsanlega gætu komið á markað en alls engar fullyrðingar um ákveðin skrásett vörumerki. Áfrýjandi bendir á að auglýsingar þar sem framleiðendur eða umboðsaðilar skrásettra vörumerkja vara við eftirlíkingum séu vel þekktar innan Evrópusambandsins og héraðs og að ekki hafi verið amast við því af Samkeppnisstofnun.

Samkeppnisráð bendir á að þrátt fyrir að skorað hafi verið á áfrýjanda að upplýsa hvers vegna hann hafi auglýst með umræddum hætti hafi hann ekki fært fram hlutlæg og málefnaleg rök fyrir auglýsingum sínum. Samkeppnisráð telur því að áfrýjandi hafi verið að vara við eftirlíkingum að ástæðulausu og það hafi eingöngu verið gert til að rýra álit neytenda á vörum keppinauta.

Samkeppnisráð vekur einnig athygli á að aðeins tvö mál hafi komið til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun vegna kvartana yfir auglýsingum sem vara við eftirlíkingum. Málin hafi verið meðhöndluð á sama fundi auglýsinganefndar með sambærilegum hætti.

IV.

Niðurstaða.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á það með samkeppnisráði að orðasambandið „varist eftirlíkingar“ sem notað var í auglýsingum áfrýjanda gefi til kynna að á markaði séu vörur sem eru eftirlíkingar þeirrar vöru sem verið er að auglýsa.

Ekki hefur verið sýnt fram á að á markaðinum séu slíkar eftirlíkingar af vörum áfrýjanda. Það eru því ekki nægjanleg rök til að réttlæta þessi orð auglýsinganna að verið sé að vekja neytendur til umhugsunar og að gæta þess að þeir hafi keypt þá vöru sem til stóð að kaupa.

Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til þeirra raka sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun ber að staðfesta hann.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 frá 29. mars 1999 er staðfest.

Reykjavík, 4. júní 1999.

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir